

Fimmtudaginn 25. nóvember 1971.

Nr. 21/1971. **Oliuverzlun Íslands h/f**
 (Benedikt Blöndal hrl.)
 gegn
Péttri Jónssyni
 (Bergur Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1971. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Oliuverzlun Íslands h/f, greiði stefnda, Péttri Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1970.

1.0.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 10. júní 1969. Munnlegur málflutningur fór fram í því 7. desember 1970, og var málið dómtekið á þeim degi.

Stefnandi málsins er Pétur Jónsson, Mávahlíð 9, Reykjavík.

Stefndi er Oliuverzlun Íslands h/f, B. P., Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 20.472.00 með 8% ársvöxtum

frá 15. janúar 1968 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í. að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum dómkröfum og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Réttargæzlustefndi er Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, Reykjavík. Á hendur réttargæzlustefnda hafa engar dómkröfur verið gerðar, og sjálfur hefur hann engar kröfur gert í málinu.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en tilraunir í þá átt hafa ekki borið árangur.

2.0.

2.1. Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„15. janúar 1968 var stefnandi á leið austur í Þykkabæ í bifreiðinni R 19818. Með stefnanda í bifreiðinni var eigandi hennar, Ólafur Jónsson. Við afleggjara að bænum Króki þurfti stefnandi að stöðva bifreiðina R 19818, vegna þess að keðjuhlekkur hafði slitnað, og var stefnandi að lagfæra hann, þegar bifreið nálgast úr gagnstæðri átt. Keðjan, sem stefnandi var að lagfæra, var þeim megin á bifreið hans, sem inn á veginn sneri. Færði stefnandi sig þá fram fyrir bifreið sína til þess að vera í vari, þegar bifreið sú, er að austan kom, færi fram hjá bifreið stefnanda. Þegar sú bifreið fór fram hjá, hrökk steinn frá hjóli hennar í hægri fót stefnanda. Var þetta hnullungsstór steinn, og við höggið féll stefnandi við.

Farþeginn, Ólafur Jónsson, var fyrir aftan bifreiðina R 19818, þegar bifreiðarnar mættust, og kom hann að stefnanda, þar sem hann lá við bifreiðina. Stefnandi gat ekki strax stigið á fætur vegna kvala, en þær liðu þó brátt frá, og gat hann þá farið inn í bifreiðina og ekið henni á áfangastað, en stefnandi fann þó til mikilla eymsla í fætinum. Þegar stefnandi kom á áfangastað í Þykkvabæ, gat hann ekki tillt í fótinn, og fór hann ekki út úr bifreiðinni. Var síðan fljótlega haldið aftur til Reykjavíkur, en þegar stefnandi var kominn að Lögbergi fyrir ofan Reykjavík, gat hann vart ekið lengra, en þar sem enginn annar var til að taka við stjórn bifreiðarinnar, varð hann að halda áfram til Reykjavíkur. Fór stefnandi strax á slysavardstofuna, þar sem athugun fór fram á meiðslum stefnanda og gert var að þeim (sbr. vottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis).

Þegar slysið varð og bifreið sú, sem völd var að meiðslunum, ók fram hjá bifreið stefnanda, sá hann ekki númer hennar, enda

myrkur, regn og vegurinn blautur, en hún var önnur af tveim bifreiðum frá B. P., sem á þessari leið voru, og sú seinni.

Daginn eftir var svo grennslast fyrir um það, hvaða bifreiðar frá B. P. voru á þessari leið, og fékkst þá strax upplýst, að seinni bifreiðin hafi verið R 13161, ökumaður Páll Haukur Kristjónsson.

Samband var haft við ökumann R 13161 daginn eftir slysið og hann beðinn að gefa skýrslu til síns tryggingarfélags, en því brást hann og gerði það ekki fyrr en eftir dúk og disk“.

Stefnandi hefur gefið skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 26. febrúar 1968 og hér fyrir dómi 19. janúar 1970.

Hann hefur nánar skýrt svo frá, að slysið hafi skeð um kl. 1855 þann 15. janúar 1968. Komið hafi verið myrkur og rigning og hálka á veginum. Vegurinn hafi verið þannig, að sums staðar hafi verið ískaflar, en autt á milli. Þar sem þeir hafi stöðvað bifreiðina, hafi vegurinn verið auður og malarborinn. Mikill aur hafi verið á veginum og hafi sletzt á ljósker bifreiðarinnar. Kvaðst stefnandi einmitt hafa verið að þurrka af ljóskerunum.

Stefnandi kvaðst hafa skoðað stein þann, sem hrökk í fót hans. Steinninn muni hafa verið sporöskjulagaður og ca. ½ kg. að þyngd. Ekki kvaðst stefnandi hafa athugað að varðveita steininn.

Stefnandi kvaðst hafa séð greinilega, að bifreiðin, sem steinninn hafði kastast frá, hafi verið tankbifreið, merkt B. P. Hafi hún verið hvít og grænmáluð. Olíuflutningabifreiðarnar hafi verið tvær og hafi steinninn komið frá þeirri síðari.

Stefnandi staðhæfði, að þeir Ólafur Jónsson hefðu ekki orðið varir við aðrar bifreiðar á þessum tíma, og kvaðst hann þess fullkomlega viss, að steinninn hefði komið frá þessari bifreið og engri annarri.

Stefnandi kvaðst hafa verið í uppháum leðurstígvélum, fóður-uðum, umrætt sinn. Er hann hafi komið á slysavarðstofuna, hafi greinilega sést blettur á stígvélinu eftir steininn. Stefnandi kvaðst enn hafa ör á fætinum eftir áverkann og sýndi það í dóminum. Stefnandi víkur að því, að ástæðan til þess, að svo lengi hafi dregið að tala við ökumann olíubifreiðarinnar, hafi verið sú, að hann hafi ekki náð til hans í skrifstofu B. P. í Laugarnesi. Hann kvaðst strax daginn eftir slysið hafa náð sambandi við skrifstofuna og beðið um skilaboð til ökumanns olíuflutninga-bifreiðarinnar um að fara til tryggingarfélags síns og gefa skýrslu. Um það bil ½ mánuði seinna kvaðst stefnandi sjálfur hafa hitt ökumanninn á skrifstofu B. P. í Laugarnesi. Hafi hann þá ekki verið búinn að gefa skýrslu. Eftir nokkurt þref hafi þeir báðir

farið hvor á sinni bifreið á skrifstofu Sjóvátryggingarfélags Íslands og gefið þar skýrslu.

Vitnið Ólafur Jónsson var vinnuveitandi stefnanda á þeim tíma, er slysið varð. Hann kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 19818. Stefnandi hafi ekið henni og hafi þeir verið á leiðinni austur. Er þeir hafi verið rétt ókomnir að afleggjaranum að bænum Króki um kl. 1900, hafi hlekkur slitnað í keðju bifreiðarinnar. Hafi stefnandi stöðvað bifreiðina á vegarkafli, þar sem voru ávalir hnullungssteinar, til að lagfæra keðjuna.

Stefnandi hafi farið fram fyrir bifreiðina í áðurgreindum tilgangi, en vitnið sjálfst kvaðst samtímis hafa farið út úr bifreiðinni og aftur fyrir hana. Á móti þeim í gagnstæða átt hafi þá komið tvær olíuflutningabifreiðar frá B. P. og ekið fram hjá bifreið þeirra, þar sem hún var kyrrstæð. Kvaðst vitnið einskis hafa orðið vart, er bifreiðarnar óku fram hjá, en vitnið kveður aðeins stuttan tíma hafa liðið, þar til það hafi farið fram með bifreiðinni og fundið stefnanda liggjandi á vegarkantinum, slasaðan. Stefnandi hafi strax tjáð sér, að steinn hefði hrokkið frá aftari bifreiðinni í hægri fót sinn og að hann hefði fallið við höggið.

Vitnið kvaðst hafa séð, að þær olíuflutningabifreiðar, sem fram hjá fóru, hafi báðar verið merktar B. P., en ekki kvaðst vitnið hafa séð skrásetningarnúmer þeirra.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð slysaatvikið sjálfst. Það kvaðst ekki hafa veitt athygli neinum bifreiðum, sem fram hjá hafi farið á þessu tímabili, utan áðurgreindra tveggja bifreiða og taldi mjög ósennilegt, að það hafi farið fram hjá sér, ef um fleiri bifreiðar hefði verið að ræða. Vitnið kvað stefnanda hafa kennt mikils sársauka, en fljótlega muni þó hafa dregið úr honum. Að loknu erindi þeirra félaga þar eystra hafi þeir haldið fljótlega til borgarinnar. Hafi stefnandi þá farið að finna til meiri sársauka á ný, en harkað af sér, náð til Reykjavíkur og haldið strax á slysa-varðstofuna.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Ólafs Ingibjörnssonar læknis, dags. 20. desember 1968, og hljóðar það svo:

„Ofanefndur kom á Slysa-varðstofuna í Reykjavík hinn 16. 1. '68, kl. 00.05. Hafði hann þá orðið fyrir slysi á hægri ökla.

Þetta slys kvað hann hafa orðið með þeim hætti, að steinn hefði skotizt undan bílhjóli og lent innanvert á hægri ökla Péturs.

Við skoðun fannst mikil bólga, mar og eymsli yfir hægri ökla innanvert. Röntgenmynd, sem tekin var af hægri öklanum, var

grunsamleg um sprungu í beininu undir. Þessvegna voru settar á Pétur þrýstingsumbúðir á hægri fót og ökla og gipsspelka þar utanyfir.

Morguninn eftir var áverkinn svo endurskoðaður. Voru enn mjög mikil eymsli innanvert á hægri ökla. Bólgan hafði hjaðnað að nokkru undan þrýstingsumbúðunum. Nýjar röntgenmyndir voru teknar með tilliti til brots á beini, sem grunsamlegt hafði þótt nóttina áður, en þessar endurteknu myndir sýndu, að ekki var um neitt brot að ræða. Var Pétur nú settur í teygjuplástursumbúðir og sagt að koma aftur til eftirlits eftir 4—5 daga.

Hinn 21. 1. '68 kom hann til eftirlits, og voru ennþá talsverð mikil eymsli yfir innanverðum hægri ökla sem fyrr. Voru teygjuplástursumbúðirnar því settar á aftur og endurnýjaðar.

Pétur kveðst hafa verið óvinnufær vegna þessa áverka í einn mánuð, og getur það vel komið heim við magn og tegund þessa áverka, sem að ofan er lýst“.

Vitnið Páll Haukur Kristjónsson bifreiðarstjóri gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 26. febrúar 1968 og hér fyrir dómi 27. október 1970.

Hann kvað það vera rétt, að hann hafi verið á umræddri leið fyrri part dags hinn 15. janúar 1968. Nánari tímasetningu mundi vitnið ekki, en kvað unnt að reikna hana út á vinnukorti sínu.

Hann sagðist hafa verið ökumaður bifreiðarinnar R 13161, sem sé olúflutningabifreið frá B. P., og hafi hann verið að koma frá Hellu. Hafi þeir verið tveir á þessari leið, og kvaðst vitnið hafa ekið á eftir. Um þetta leyti hafi verið myrkur, en allsæmilegt skyggni. Vitnið kvaðst hafa farið fram hjá afleggjaranum að Króki, en mundi ekkert eftir því að hafa séð bifreið, sem maður hafi átt að standa við og slasast umrætt sinn.

Daginn eftir kvaðst vitnið hafa frétt það á skotspónum, að óhapp hefði komið fyrir af völdum bifreiðar sinnar, en vitnið sagðist ekki hafa tekið þessa sögn alvarlega. Skömmu síðar sagðist vitnið hafa fengið þau skilaboð, að maður sá, sem slasast hefði, mundi hafa samband við sig, en það hafi dregizt og hafi hann ekki talað við sig fyrr en 24. febrúar 1968. Hann hafi þá beðið sig um að gefa skýrslu um óhappið til tryggingarfélagsins, og kveðst vitnið hafa gert það 26. s. m.

Vitnið sagði, að það tæki um 2—2½ tíma að aka til Reykjavíkur frá Hellu, en bærinn Krókur í Holtum sé um 15 km vestar en Hella. Sagði vitnið, að þetta væri miðað við beztu aksturs-

skilyrði og að þeir bifreiðarstjórnarnir hafi ekki farið í mat á leiðinni. Sé það gert, þá snæði þeir á Selfossi og taki það minnst ½ tíma.

Vitnið Gísli Georg Þorsteinsson gaf skýrslu hér fyrir dómi 27. október 1970. Hann kvaðst ekkert muna um atburði þá, sem hér um ræðir. Hann sagði, að ca. 75 km fjarlægð væri frá bænum Króki í Holtum til Reykjavíkur. Miðað við góð akstursskilyrði taki ca. 1 klukkustund og 15 mínútur að aka þaðan í bæinn og sé þá haldið vel áfram. Miðað við þann tíma, sem skjöl málsins greina frá, að óhappið hafi skeð, sagði vitnið sennilegt, að þeir bifreiðarstjórnarnir hafi borðað á Selfossi á leiðinni suður, enda þótt vitnið vildi ekkert um það fullyrða.

Vitnið upplýsti, að það hafi litið í dagskýrslu sína varðandi daginn 15. janúar 1968. Í dagskýrslu þessari komi fram, að vitnið hafi farið þá um morguninn á olíuflutningabifreið að Stokkseyri og síðan á Hellu. Fannst vitninu sennilegt, að það hafi verið statt í Holtum um sjöleytið það kvöld á leiðinni suður.

Í málinu hafa verið lögð fram vottorð stöðvarstjóra Olíuverzlunar Íslands h/f. Hið fyrra er dags. 3. apríl 1968 og hljóðar svo: „Vegna fyrirspurnar um R 13161, bifreiðarstjóri Páll Kristjónsson, og R 13170, bifr.stj. Gísli Þorkelsson, þá munu þeir hafa komið frá Hellu í stöð voru í Laugarnes kl. 8.30 þann 15/1 1968“.

Síðara vottorðið er dags. 21. janúar 1968 og hljóðar svo: „Ég undirritaður get hérmeð vottað, að f. h. þ. 16. janúar 1968 komu til mín tveir menn, sendir af Pétri Jónssyni, Mávahlíð 9, Reykjavík, og tjáðu mér, að Pétur teldi sig hafa orðið fyrir steinkasti frá bifreið félagsins, er var að koma austan úr sveitum daginn áður.

Þeir höfðu eftir Pétri, að framhjá sér hefðu ekið tvær bifreiðar merktar B. P. og að það hefði verið bifreiðin, sem á eftir var, sem hér átti hlut að máli.

Þar sem ökumenn þessara bifreiða voru ekki á staðnum, þá lofaði ég að hafa samband við þá við fyrsta tækifæri, sem ég og gerði“.

Loks hafa verið lögð fram í málinu vinnukort beggja bifreiðarstjórnanna. Af vinnukorti Páls Hauks Kristjónssonar má ráða, að hann hafi verið stimplaður inn þann 15. janúar 1968 kl. 0753, en út kl. 2058. Þann dag eru honum reiknaðar 8 stundir í dagvinnu, 2¼ í yfirvinnu og 3½ í næturvinnu.

Af vinnukorti Gísla Þorkelssonar má ráða, að hann hafi verið stimplaður inn kl. 0753, en út kl. 2102 á sama degi. Honum er

reiknaður sami tímafjöldi fyrir vinnudag þennan og Páli Hauki Kristjónssyni.

3.0.

3.1. Stefnandi styður kröfur sínar við 1. mgr. 67. gr. laga nr. 40/1968 og 69. gr. sömu laga. Hann telur, að slysið hafi hlotizt af bifreiðinni R 13161, sem sé eign stefnda, notuð á hans vegum og stjórnað af starfsmanni hans.

Stefnandi gerir samkvæmt tilvitnuðum lagagreinum kröfu á hendur stefnda um hlutlæga fébótaábyrgð á tjóni, sem hafi hlotizt af slysi því, sem hér um ræðir.

Stefnandi hefur sundurliðað bótakröfu sína þannig:

| | |
|---|-----------------------|
| a. Atvinnutjón | kr. 20.000.00 |
| – dagpeningar, greiddir af Tryggingastofnun | |
| ríkisins | — 5.028.00 |
| | <hr/> |
| | Kr. 14.972.00 |
| b. Miskabætur | — 5.000.00 |
| | <hr/> |
| | Kr. 19.972.00 |
| c. Útlagður kostnaður | — 500.00 |
| | <hr/> |
| | Samtals kr. 20.472.00 |

Varðandi lið a heldur stefnandi því fram, að atvinnutekjur hans hafi verið kr. 20.000.00 á mánuði, þegar slysið var. Stefnandi hafi verið frá vinnu í einn mánuð eftir slysið. Sé eðlilegt, að stefndi sé krafinn um kr. 20.000.00, þ. e. mánaðarlaun stefnanda, þó að frádragnum dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 5.028.00, og verði því fjárhæð þessa liðar kr. 14.972.00. Af hálfu stefnanda er tekið fram, að þar sem hann hafi að mestu unnið utanbæjar og vinnutími hans verið mjög óreglulegur, hafi hann haft raunverulega meira í laun en kr. 20.000.00.

Lið b segir stefnandi áætlaðan og lagt á vald dómsins að meta bætur samkvæmt honum.

Liður c sé útlagður kostnaður vegna áverkavottorðs.

3.2. Sýknukrafa stefnda er á því reist, að með öllu sé ósannað, að orsakir óhapps stefnanda verði raktar til aksturs bifreiðarinnar R 13161 eftir þjóðveginum við bæinn Krók (austan Þjórsár) í Rangárvallasýslu þann 15. janúar 1968. Stefnandi hafi sjálfur

sönnunarbyrðina fyrir því, að orsakasamband sé milli tjóns hans og einhverra þeirra atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Því er sérstaklega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að steinn hafi hrokkið undan hjólum bifreiðarinnar R 13161 í fótlegg stefnanda umrætt sinn, enda sé stefnandi einn til frásagnar um það atriði. Á það er bent, að vitnið Ólafur Jónsson hafi staðið fyrir aftan bifreiðina, þegar óhappið hafi viljað til, og einskis orðið var, þegar bifreiðarnar hafi ekið fram hjá. Bifreiðarstjórnir á bifreiðum stefnda hafi heldur ekki einu sinni orðið varir við bifreið stefnanda á leið sinni, hvorki á þeim stað, sem talinn sé slysstaður, né annars staðar.

Áverkavottorð Ólafs Ingibjörnssonar lækni um meiðsli stefnanda beri heldur ekki með sér, að meiðsli stefnanda hafi getað stafað af steinkasti, og taki læknirinn enga afstöðu til þess atriðis.

Umboðsmaður stefnda hefur vikið að því, að ýmsar aðrar orsakir geti legið til meiðsla stefnanda en þær, sem stefnandi sjálfur haldi fram. Stefndi hefur og m. a. bent á, að stefnandi hafi ekki hirt um að veita bifreiðum stefnda eftirför og hafa tal af öku-mönnum þá strax eftir slysið, kalla á lögreglu á vettvang, varðveita steininn eða láta fara fram rannsókn á því, hvort umrætt steinkast hefði getað leitt til slyssins.

Kröfuliðum a og b, sbr. 3.1., er báðum mótmælt sem of háum. Kröfuliður c hefur ekki sætt mótmælum tölulega. Loks er vaxta-kröfu mótmælt sem of hárr.

4.0.

4.1. Með skýrslu stefnanda um slysaatvikið sjálf, sjúkra-skýrslu Ólafs Ingibjörnssonar lækni og vitnaskýrslu Ólafs Jónssonar, sem var nálægur, sá hinar umræddu bifreiðar fara fram hjá og kom að stefnanda strax eftir slysið, hafa verið færðar sterkar líkur af þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi orðið fyrir steinkasti af völdum olíuflutningabifreiðarinnar R 13161 og hlotið við það áverka á hægri ökla. Líkur þessar styrkjast, þegar lítið er til þeirra upplýsinga, sem fram eru komnar í málinu um ferð olíuflutningabifreiðanna fram hjá slysstað síðla dags þann 15. janúar 1968, sbr. 2.1.

Þegar framangreint er virt og enn fremur haft í huga, að önnur gögn málsins þykja fremur styrkja frásögn stefnanda, má fallast á, að nægjanlega sé sönnuð staðhæfing stefnanda um atvik að slysinu og afleiðingum þess.

Stefndi var skrásettur eigandi olíuflutningabifreiðarinnar R 13161. Telja verður því, að hann beri hlutlæga ábyrgð á umræddu slysi samkvæmt 1. mgr. 67. gr. laga nr. 26/1958, sbr. 69. gr. sömu laga.

4.2. Eins og rakið er í 3.1., kveðst stefnandi hafa verið frá vinnu í einn mánuð vegna slyssins. Hann miðar kröfu sína um atvinnutjón við kaup í þann tíma, þ. e. kr. 20.000.00 á mánuði, að frádregnum dagpeningum, greiddum af Tryggingastofnun ríkisins, að fjárhæð kr. 5.028.00. Á þessum tíma kveðst stefnandi auk þess hafa fengið kaupgreiðslu frá vinnuveitanda að fjárhæð kr. 1.000.00. Þessum upplýsingum hefur ekki verið mótmælt. Þykja bætur, með tilliti til framanritaðs, samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 13.972.00.

Kröfu stefnanda um miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.00 þykir í hóf stillt. Við mat á þessu er haft í huga framangreint áverka-vottorð um meiðsl stefnanda og sjúkrasögu svo og frásögn stefnanda sjálfs um þetta atriði.

Kröfufulið um útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 500.00 hefur ekki verið mótmælt. Ber því að leggja fjárhæð þessa til grundvallar.

Samkvæmt framanrituðu verður stefndi alls dæmdur til að greiða kr. 19.472.00 ásamt vöxtum, sem ákveðast 7% á ári frá 15. janúar 1968 til greiðsludags. Dæma ber stefnda til að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.500.00.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Olíuverzlun Íslands h/f, greiði stefnanda, Pétri Jónssyni, kr. 19.472.00 með 7% ársvöxtum frá 15. janúar 1968 til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.